



# Heimildaskráning



# Hugtök sem þú þarft að þekkja



## ➤ **Heimildir**

Verk sem upplýsingar eru teknar úr

## ➤ **Heimildaskráning**

Skráning heimildar í heimildaskrá

## ➤ **Heimildaskrá**

Yfirlit yfir þær heimildir sem notaðar eru í tiltekinni ritsmíð



# Hugtök sem þú þarft að þekkja

## ➤ **Tilvitnun**

Upplýsingar, sem hafðar eru eftir heimild, í tiltekinni ritsmíð

## ➤ **Bein tilvitnun**

Haft orðrétt eftir heimild, orðalagi má ekki breyta

Ekki einu sinni leiðréttastafsetningarvillur

## ➤ **Óbein tilvitnun**

Efni er sótt til heimildar en orðalagi breytt, þ.e. ritgerðarhöfundur notar eigið orðalag

## ➤ **Tilvísun**

Vísun í heimildaskrá inni í texta

Þarf að vera samvísandi við heimildaskrá

(Höfundur, ártal, bls.) / Höfundur (ártal, bls.)

# Heimildaskrá



- Listi yfir þær heimildir sem notaðar eru í tiltekinni ritsmíð
  - Skráð eftir tilteknu heimildaskráningarkerfi
    - Í þessum áfanga notum við [APA-kerfið](#)
- Langoftast í lok ritsmíðar
  - Á sérblaðsíðu
  - Með feitletraðri fyrirsögn
- Þarf að vera í stafrófsröð
  - Má hvorki vera númeruð né með áherslupunktum
- Hver heimild er aðeins skráð einu sinni
- Ef heimildaskráning tekur yfir fleiri en eina línu ...
  - ... draga seinni línur inn um 3-5 stafabil



# Heimildaskrá og sætin 5 - APA

## 1. Höfundarsætið

Höfundur eða sá með höfundarábyrgð s.s ritstjóri eða tiltekin stofnun  
ATH! Erlendum höfundum er raðað eftir eftirnafni.

## 1. Tímasætið

Útgáfuár heimildar. Stundum nákvæmari tími t.d. þegar dagblöð eiga í hlut

## 1. Titilsætið

Titill heimildar s.s. heiti bókar, blaðagreinar o.s.frv.

## 1. Útgáfusætið

Hver gaf heimildina út?

## 1. Vefsætið - á aðeins við um vefheimildir

Hvar á vefnum er heimildina að finna?

**ATH! Hvert sæti endar á punkti, nema vefsætið.**

# Athugið!

- Ekki má breyta röð höfunda ef fleiri en einn
  - Nafngreina þarf fyrstu 20 höfunda í heimildaskrá
    - Aðeins þann fyrsta í tilvísunum + o.fl.
  - Viðbótarupplýsingar í sviga s.s. (ritstjóri)
- Upplýsingar vantar:
  - Án höfundar eða ritstjóra
    - Raðað eftir titli, t.d. bók, blaðagrein
    - Raðað eftir heiti stofnunar sem ábyrg er fyrir efninu
    - Raðað eftir heiti vefsíðu
  - Án útgáfuárs
    - (e.d.).

# Heimildaskrá - sýnishorn

- Aðalsteinn Eypórsson og Bergljót S. Kristjánsdóttir (önnuðust útgáfu). (2010). *Laxdæla saga: Með formála, skýringum og skrám*. Mál og menning.
- Ari Páll Kristinsson. (2005, 16. nóvember). Íslensk tunga: staða og form. *Morgunblaðið*, bls. 28.
- Britannica. (e.d.). *Viking*. <https://www.britannica.com/topic/Viking-people#ref1254139>
- Hutchby, I. og Wooffitt, R. (2003). *Conversation Analysis: Principles, Practices and Application*. Polity Press.
- Ingvar Sigurgeirsson. (1999). *Litróf kennsluaðferðanna: Handbók fyrir kennara og kennaraefni*. Æskan.
- Ragnhildur Vigfúsdóttir. (1992) Allt önnur jól. *Vera* 11(6), 23-24.
- Þórdís Elva Þorvaldsdóttir. (2021, 25. maí). Opið bréf til góðu strákanna. *Stundin*. <https://stundin.is/grein/13459>